Messiaen var organisti við Þrenningarkirkjuna í París í hartnær 60 ár. Honum var starfið mjög kært og fátt annað en fjarvera frá París kom í veg fyrir að hann spilaði þar hvern sunnudag, stundum í fjórum messum. Framlag hans til orgelbókmenntanna er ómetanlegt og gengur tvímælalaust næst sjálfum J.S. Bach. Olivier Messiaen sagði þrennt mikilvægast í lífi sínu og starfi: Guð, ástina og náttúruna. Trúin gengur eins og leiðarstef í gegnum allt hans höfundarverk, enda sagðist hann hafa fæðst trúaður. Ástin á sitt sterka stef í tónlist hans og náttúran er alltumlykjandi. Messiaen var ástríðufullur fuglaskoðari og hljóðritaði söng fuglanna, vina sinna sem hann dáði svo mjög, í Frakklandi, sem og í Japan og Indónesíu. Fuglasöngur kemur fyrir í flestum verka hans. Messiaen sá einnig liti þegar hann las eða heyrði tónlist.

**Vingt Regards sur l´Enfant-Jésus** var skrifað árið 1944. Það er tileinkað Yvonne Loriod, sem síðar varð eiginkona Messiaens, og hún frumflutti verkið 26. mars 1945. Tillitin áttu upphaflega að vera tólf, en verkið þandist út fyrir þann ramma sem því var upphaflega ætlaður. Frekar en að líta á klukkuna hefur Messiaen e.t.v. litið upp til fugla himinsins og hugsað sem svo að þar sem mannsævin er ekki nema andrá í eilífðinni þurfi varla að hafa áhyggjur af nokkrum mínútum.

Eftir glímuna við þetta verk er aðdáun og þakklæti mér efst í huga. Þegar nóturnar hætta að vera bara nótur og tónlistin byrjar að taka á sig form og liti, opnast heimur sem virðist svo einfaldur, allt að því barnslegur. Eftir allt erfiðið kemur það næstum því á óvart hvað skilaboðin eru tær. Hið guðlega í manninum fær svörun í tónlist Messiaens. AGG

**Anna Guðný Guðmundsdóttir** brautskráðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1979 og stundaði Post Graduate nám við Guildhall School of Music and Drama í London með sérstaka áherslu á kammertónlist og meðleik með söng. Meðal kennara hennar voru Stefán Edelstein, Hermína S. Kristjánsson, Jón Nordal, Margrét Eiríksdóttir, James Gibb og Gordon Back. Hún hefur starfað á Íslandi í aldarfjórðung við margvísleg störf píanistans, aðallega í samleik ýmiss konar en einnig sem einleikari. Hún kenndi við tónlistardeild Listaháskóla Íslands frá stofnun hennar 2001 til haustsins 2005 er hún var fastráðin píanóleikari að Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Í febrúar síðastliðnum h laut Anna Guðný Íslensku Tónlistarverðlaunin sem tónlistarflytjandi ársins 2008 fyrir heildarflutning á þessu tónverki.

Reynir Axelsson þýddi texta

*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum*
*The cafeteria is open after the concert*

# *Vingt Regards sur l‘Enfant-Jésus*

eftir

## Olivier Messiaen

## *Anna Guðný Guðmundsdóttir*

píanóleikari

flytur tillit I–X

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar
þriðjudaginn 14. júlí 2009 kl. 20:30

*Hugleiðing um barnið guðlega í jötunni og tillit sem beinast að því: allt frá óumræðilegu tilliti föðurins til hins margfalda tillits kirkju kærleikans, og þar á milli fordæmalaust tillit anda fagnaðarins, ásamt ofurljúfu tilliti meyjarinnar, síðan englanna, vitringanna og óefniskenndra eða táknrænna vera (tímans, hæðanna, þagnarinnar, stjörnunnar, krossins). Verkið notar mörg nýstárleg tungumál. Sérhver þáttur er því frábrugðinn nágrönnum sínum hvað stíl varðar, en sömu stefin reika um frá einum enda til annars í Tuttugu tillitum. Þau voru samin frá 23. marz til 8. september 1944. OM*

*Contemplation of God the infant in the manger and gazes that fall upon him: from the incommunicable Gaze of God the Father to the multiple Gaze of the Church of Love, passing through the unprecedented Gaze of the Spirit of Joy, through the tender Gaze of the Virgin, then that of the Angels, the Magi and immaterial or symbolic creatures (time, the heights, silence, the star, the cross). The work uses many new languages. Each piece is therefore different in style from its neighbours, but the same themes circulate from one end to the other of the Twenty Gazes. They were written from March 23 to September 8, 1944. OM*

Olivier Messiaen fæddist 10. desember 1908 í Avignon í Suður Frakklandi. Móðir hans, Cécile Sauvage, var skáldkona og faðirinn, Pierre Messiaen, kenndi ensku og þýddi m.a. verk Shakespeares á frönsku. Þegar fyrri heimsstyrjöldin braust út tvístraðist fjölskyldan; faðirinn fór í herinn en Cécile fluttist ásamt Olivier og Alain, yngri bróður hans, austur í Alpahéruð Frakklands, nálægt Grenoble. Þar byrjaði Messiaen að semja tónlist og kenna sjálfum sér á píanó. Hann tók miklu ástfóstri við héraðið og alla ævi hélt hann áfram að heimsækja æskustöðvarnar í fjöllunum, m.a. til að skrá fuglasöng. Árið 1919 flutti fjölskyldan til Parísar og Messiaen hóf nám við Conservatoire de Paris. Meðal kennara hans voru Paul Dukas (tónsmíðar) og Marcel Dupré (orgel). Messiaen var afkastamikið tónskáld og í framvarðasveit í tónlistarlífi Parísar allt frá námsárunum. Hann átti sér marga aðdáendur en tónlist hans var einnig gagnrýnd harkalega. Mörgum þótti bæði barnalegt og óviðeigandi hvernig hann blandaði saman sinni einkaguðfræði, tónfræði og heimspeki. Messiaen þróaði eigið tónmál m.a. með sérstökum tónstigum (modes) og rytma sem hann sótti í indverskar og grískar hefðir. Hann sagði sjálfur að grunnurinn að tónmáli sínu lægi í orgelspuna, enda var snilld hans á því sviði ótvíræð.

# *Tuttugu tillit til Jesúbarnsins*

I **Regard du Père - Tillit föðurins /The Gaze of the Father**
Og Guð sagði: „Þetta er minn elskaði sonur sem ég hef velþóknun á … “

II **Regard de l’Étoile - Tillit stjörnunnar / The Gaze of the Star**
Lost náðarinnar … stjarnan skín sakleysislega og yfir henni er kross …

III **L’échange - Samskiptin / The Exchange**
Niðurstiginn í vatnsstólpa, uppstiginn í hringiðu; ógurleg samskipti manna og Guðs. Guð gjörði sig að manni til að gera oss að guðum …

IV **Regard de la Vierge - Tillit meyjarinnar / The Gaze of the Virgin**
Sakleysi og blíða … kona hreinleikans, kona lofgjörðarinnar, mærin horfir á barn sitt …

V **Regard du Fils sur le Fils - Tillit sonarins til sonarins / The Gaze of the Son upon the Son**
Leyndardómur, ljósgeislar um nótt – ljósbrot gleðinnar, fuglar þagnarinnar – persóna orðsins íklædd mannlegu eðli – samruni mannlegs og guðlegs eðlis í Jesú Kristi …

VI **Par Lui tout a été fait - Fyrir hann voru allir hlutir gerðir / By Him all things were made**
Ofurgnótt rúms og tíma; vetrarbrautir, ljóseindir, gagnstæðir vindingar, viðsnúnar eldingar; fyrir „hann“ (orðið) eru allir hlutir gerðir, í einni andrá opinberar sköpunarverkið oss lýsandi skugga raddar hans …

VII **Regard de la Croix - Tillit krossins / The Gaze of the Cross**
Krossinn segir við hann: þú verður prestur í örmum mínum …

VIII **Regard des hauteurs - Tillit hæðanna / The Gaze of the Heights**
Dýrð hæðanna … hæðirnar stíga niður að jötunni eins og söngur lævirkjans …

IX **Regard du temps - Tillit tímans / The Gaze of Time**
Leyndardómur um fyllingu tímans; tíminn sér fæðast í sjálfum sér þann sem er eilífur …

X **Regard de l’Esprit de joie - Tillit anda fagnaðarins / The Gaze of the Spirit of Joy**
Trylltur dans, frá sér numinn hornahljómur, upphafning heilags anda … gleði yfir kærleika hins blessaða guðs í sálu Jesú Krists …

**Olivier Messiaen** was born on December 10, 1908, in Avignon in the south of France. His mother, Cécile Sauvage, was a poet, and his father, Pierre Messiaen, was a teacher of English who translated Shakespeare's plays into French. At the start of the first World War the family dispersed; the father joined the army, while Cécile moved with Olivier and Alain, his younger brother, to the Alpine region in the east of France, close to Grenoble. There Messiaen began composing music and taught himself to play the piano. He fell in love with the region, and throughout his whole life he continued visiting the haunts of his youth, to make recordings of bird song, among other things. In the year 1919 the family moved to Paris, and Messiaen commenced his studies at the Conservatoire de Paris. Among his teachers were Paul Dukas (composition) and Marcel Dupré (organ). Messiaen was a productive composer and at the forefront of musical life in Paris ever since his years of study. He had many admirers, but his music was also harshly criticized. There were many who thought it both childish and inappropriate how he mixed up his private theology, music theory and philosophy. Messiaen developed his own musical language built on idiosyncratic scales (modes) and rhythm derived from Indian and Greek traditions. He maintained that his musical language was based on organ improvisation, and, in fact, his brilliance in that sphere was undisputed.

Messiaen was organist at Trinity Church in Paris for almost 60 years. He loved his job, and few things except his absence from Paris could prevent his playing there every Sunday, sometimes at four masses. His contribution to organ literature is invaluable, and is certainly second only to J. S. Bach himself. Olivier Messiaen said that three things were most important in his life and work: God, love and nature. Religion is a prominent theme in all of his music, and he maintained that he was born religious. Love is also a strong theme in his music, and nature is allembracing. Messiaen was a passionate bird watcher and he recorded the song of his friends, the birds, whom he so much adored, in France, as well as in Japan and Indonesia. Bird song appears in most of his works. Messiaen also saw colours when he read or heard music.

**Vingt Regards sur l´Enfant-Jésus** (Twenty Gazes on the child Jesus) was composed in 1944. It is dedicated to Yvonne Loriod, who was later to become Messiaen's wife, and she gave the première of the work on March 26, 1945. The movements were originally meant to be twelve, but the work expanded wide outside of the intended frame. Rather than keeping an eye on the clock, maybe Messiaen looked up to the birds of the sky and concluded that since human life is but an instant of eternity one should not worry about a few minutes.

After my wrestling with this work, admiration and gratitude are uppermost in my mind. When the notes cease being just notes and the music starts acquiring form and colour, a world opens that looks so simple, almost naïve. After all the effort it comes almost as a surprise how clear the message is. The divine in man acquires a correlation in the music of Messiaen.

AGG

**Anna Guðný Guðmundsdóttir** completed her soloist´s examination at the Reykjavík College of Music in 1979. She continued her studies in London at the Guildhall School of Music, where she received her Post Graduate diploma with a focus on chamber music and lieder accompaniment. Anna Guðný has been active as a soloist and accompanist in Iceland for the last 25 years. Her performances can be heard on around 30 CDs. She taught at the Iceland Academy of the Arts Music Department from its foundation in 2001 until 2005, when she was appointed pianist of the Iceland Symphony Orchestra.

Last February Anna Guðný received the Iceland Music Award for her performance of this work.